



## Fundargerð

5. fundur stjórnar Markaðsstofu Suðurlands kl. 10:00 mánudaginn 1. febrúar 2021, sem er fjarfundur að þessu sinni.

Boðaðir:

Dagný H. Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands  
Björg Árnadóttir, fulltrúi Visit South Iceland ehf.  
Kristín Ýr Hrafnkelsdóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands  
Ragnhildur Ágústsdóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands  
Ásgerður Kristín Gylfadóttir – fulltrúi Samtaka Sunnlenskra Sveitarfélaga  
Grétar Ingi Erlendsson, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga  
Ágúst Elvarsson, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu  
Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ragnhildur Sveinbjarnardóttir.

**Dagskrá:**

- Verkefni sl. mán og framundan
- Fjármögnun 2021
- Önnur mál

Verkefni sl. mán og framundan

**Áætlanir ársins**

- **Starfsáætlun 2021** – Framkvæmdastjóri hafði sent drög til stjórnarmeðlima og samþykkir stjórn hana. Mun áætlunin verða send til Ferðamálastofu og sveitarfélaganna.
- **Rekstraráætlun 2021** – Framkvæmdastjóri fer í gegnum nokkur mál sem óvissa ríkir um en mun klára og senda vonandi á stjórn fyrir næsta stjórnarfund.
- **Markaðsáætlun & birtingaráætlun 2021** – Framkvæmdastjóri kynnir og sýnir þessar áætlanir fyrir árið. Formaður nefnir að það væri áhugavert að sjá betur inn í þessar áætlanir og gæti verið virði í því fyrir minni fyrirtækin. Framkvæmdastjóri nefnir að súpufundir vorsins verði um markaðs- og kynningarmál.

**Áfangastaðastofa**

Umræða var um nokkur mál sem hafa komið upp á borðið við undirbúning að stofnun áfangastaðastofa. Mikilvægt að halda á lofti hagsmunum landshlutans þegar kemur að

ferðapjónustunni og mikilvægi hennar innan svæðis. Rætt var um mikilvægi þess að áfangastaðastofa sé sannarlega samstarfsvettvangur ríkis, sveitarfélaga og fyrirtækja í ferðapjónustu. Huga þurfi vel að aðkomu fyrirtækjanna áfram þar sem Markaðsstofan er grasrótarsprottin og þannig viðhaldast áherslur greinarinnar í starfsemi áfangastaðastofu. Framkvæmdastjóri leggur til að haldnir verði fundir í félögunum sem stofnuðu Markaðsstofuna og umræða skapaðist um að mikilvægt sé að fulltrúar sveitarstjórnarstigsins í stjórn sitji ferðamálafélagsfundina og fulltrúar ferðamálafélaganna sitji fund sveitarstjórnarstigsins til að heyra sjónarmið. Einnig var rætt um nafnið og felur stjórn framkvæmdastjóra að ræða það innan MAS þar sem það er mikilvægt að það sé samræmt milli landshluta.

## **Fjármagn**

- Samsetning fjármagns MSS er með svipuðu móti og undanfarin ár, hlutur Ríkis hefur heldur aukist síðustu ár, sveitarfélaga staðið í stað frá 2015 og fjöldi fyrirtækja aukist í aðild en aðildargjöld staðið í stað (sem var markmiðið með breyttri gjaldskrá í upphafi en þarf að skoða til lengri tíma).
- Samningur við SASS óbreyttur og viðbótarsamningur tryggður.

## **Önnur mál**

### **Samningur við Ferðamálastofu**

Stjórn samþykkir samning við Ferðamálastofu og felur framkvæmdastjóra að ganga frá undirritun hans.

### **Samningur Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og SASS**

Framkvæmdastjóri og Ásgerður formaður SASS fara yfir samninginn. Ferlið allt hefur verið svolítið sérstakt allt saman þar sem um í raun auka flækjustig hefur verið um að ræða. Framkvæmdastjóri heldur því til haga að ef til vill hefði verið skynsamlegri lausn að um væri að ræða þríhliða samning eða viljayfirlýsingu (ríki, sveitarfélög/landshlutasamtök og þá MSS fyrir hönd atvinnugreinarinnar) um stofnun Áfangastaðastofu og þá hlutverka/verkefnasamningur milli Ferðamálastofu og MSS. Samtal við sveitarfélögin verður að líkindum klárað fyrir 1. júní. Til umræðu að ríkið hafi komið með þetta verkefni inn til landshlutasamtakanna en ekki að landshlutasamtökin hafi verið að sækjast eftir þessu hlutverki. Lagt er til að Markaðsstofan verði með samtalið við greinina, leiði það og þetta samstarf sé lyklatríði í þessu.

### **Niðurstaða vinnufundar**

Stjórn hafði fengið send gögn um niðurstöður vinnufundar í janúar og er samantekt á starfsemi MSS. Stjórn samþykkir þessa stuttu samantekt.

### **Aðildargjöld – fyrirkomulag/tillaga vegna Covid 2021**

Framkvæmdastjóri kynnir tillögur að aðlöguðum gjaldflokkum aðildargjalda fyrir árið 2021 og rætt um hvort það eigi að breyta eða hafa óbreytt. Stjórn óskaði eftir tíma til að hugsa málið.

### **Aðalfundur MSS 2021**

Rætt um fyrirkomulag og dagsetningar. Framkvæmdastjóri sendir tillögur að dagsetningu á stjórn.

### **Sérstök verkefni – ferlar og mögulegar fjármögnunarleiðir**

Lagðar voru fram þrjár tillögur að áhersliverkefnum Sóknaráætlunar, verkefni um nýja ferðaleið, framhald á Matarauði Suðurlands og verkefni um sögur og menningu á Suðurlandi, en þær fengu ekki

framgöngu í ár. Verið er að skoða aðrar fjármögnunarleiðir. Framkvæmdastjóri fór yfir ferlið varðandi áhersluverkefni og umræða fór fram um styrkjaumhverfið og takmarkað aðgengi MSS að sjóðum þó það sé í raun hluti af fyrirhuguðu rekstrarformi Áfangastaðastofa.

### **Teams**

Ragnhildur Ágústsdóttir leggur til að gert verði samræmt Teams svæði fyrir stjórn til að halda utan um gögn, fundargerðir og samskipti og er það samþykkt að hálfu stjórnar. Starfsmönnum MSS verður falið að setja það upp.

Fundi slitið kl. 12:00